



Reykjavík, xx. febrúar 2026

MIR26020005

ERINDISBRÉF Starfshópur um menningarmerkingar

Ábyrgðarmaður: Arnfríður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála

Inngangur:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þ. 13. febrúar sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um menningarmerkingar. Starfshópurinn skipa fulltrúar frá Listasafni Reykjavíkur, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, Borgarsögusafni Reykjavíkur og umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkur. Ábyrgðaraðili er safnstjóri Borgarsögusafns.

Árið 2007 samþykkti menningar- og ferðamálaráð að vinna að menningarmerkingum í borginni og unnin var kortlagning á þörfinni fyrir merkingar á sögustöðum. Í kjölfarið var farið í hönnunarsamkeppni um útlit slíkra merkinga og var Finnur Malmquist grafískur hönnuður valinn til að útfæra sína tillögu. Merkingar hófust árið 2009 í miðbæ Reykjavíkur, en einnig í Viðey og síðar víðar í borginni. Þessi skilti hafa reynst vel, bæði hvað varðar innihald og form, en einnig endingu og viðhald.

Hin síðari ár hefur gerð og uppsetning menningarmerkingar að mestu verið í höndum Borgarsögusafns og Umhverfis- og skipulagssviðs. Nú eru yfir 100 upplýsingaskilti víða í borgarlandinu, þar af um 70 menningarmerkingar (sjá Menningarmerkingar í Reykjavík) og stöðugt berast hugmyndir víða að, að uppsetningu nýrra slíkra merkinga. Staðan er sú að ekki er áætluð sérstök fjárveiting í gerð nýrra merkinga, en miða má við að eitt skilti kosti um eina milljón króna í gerð og uppsetningu. Að sama skapi er fjármagn til viðhalds og endurnýjunar takmarkað, en reglulega kemur til þess að prenta þarf nýja filmu á merkingarnar og líma í stað eldri, sem annað hvort hafa veðrast eða verið eyðilögð.

Mikilvægt er að skerpa línur varðandi framtíðarsýn menningarmerkinga í Reykjavík og fyrirkomulag við gerð þeirra og viðhald.

Hlutverk:

Starfshópnum er falið að móta heildstæða stefnu fyrir menningarmerkingar í Reykjavík og byggja á þeim ágæta grunni sem þegar er til staðar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Hópurinn skal taka saman tillögur um:

- 
- hugmyndir að mögulegum menningarmerkingum til komandi ára (s.s. hvaða staði væri vert að merkja)
 - viðmið um fjölda nýrra menningarmerkinga á ári
 - dreifingu í borgarlandinu
 - áherslu í efni sem ber að miðla
 - tillögur um fjármögnun á framleiðslu og viðhaldi

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:


- Guðbrandur Benediktsson, formaður, forstöðumaður Borgarsögusafns
- Fulltrúi frá Listasafni Reykjavíkur
- Fulltrúi frá Bókmenntaborg
- Fulltrúi frá umhverfis og skipulagssviði (borgarhönnuður)

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Hópurinn skilar greinargerð til sviðsstjóra MÍR fyrir 1. ágúst 2026.



Arnfríður S. Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík